

Fundargerð *Stjórnarfundur nr.51*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, fimmtudaginn 29. nóvember 2012, kl. 13.00.


Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Ólöf Jósefsdóttir, Margeir Friðriksson og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá:

1. Skoðunarferð í urðunarhólf.
 2. Verkaskipting stjórnar.
 3. Fundargerð síðasta fundar.
 4. Framkvæmdir við urðunarhólf 2012.
 5. Fjármál.
 - a. Staða rekstrar 2012.
 - b. Áætlun 2013.
 6. Gjaldskrá 2013.
 7. Staða og horfur í rekstri urðunarstaðarins.
 8. Úttektarskýrslur UST.
 9. Áætlun um eldvarnir.
 10. Önnur mál.
-
1. Skoðað nýtt urðunarhólf félagsins fyrir sláturúrgang. Frágangur allur með ágætum.
 2. Samþykkt tillaga um óbreytta skipan stjórnarinnar, Magnús B. Jónsson formaður og Gísli Árnason ritari.
 3. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
 4. Framkvæmdir við urðunarhólf 2012.

Kostnaður við verklok er tæpar 43 milljónir, sem er hækkun um rúmar sex milljónir frá tilboði verktaka. Þetta skýrist aðallega af rangri útsetningu mælipunkts fyrir hólfið og þar með magnaukningu um ca. 5000 rúmmetra. Einnig þurfti auka brunn og annan frágang vegna fyrirstöðu í hólfi. Fram kom að verkið var unnið innan þeirra tímamarka, sem voru í verksamningi, frágangi við verktaka er lokið og verktryggingu hefur verið skilað.
 5. Fjármál.

Margeir Friðriksson fór yfir fjármálin og stöðu rekstrar, sem er í samræmi við væntingar. Einnig rætt um drög að áætlun fyrir árið 2013 og áætlunin samþykkt.



6. Gjaldskrá 2013.
Gjaldskrá fyrir árið 2013 að mestu óbreytt.
Við bætist nýr flokkur vegna lífræna úrgangsins, 12 kr/kg og lækkun á úrgangi frá vinnslu kjöts og fisks í 12 kr/kg til samræmis. Einnig bætt við floknum, grófur plastúrgangur (kör), 10 kr/kg.
Tekinn út úr greinargerð með gjaldskrá, liður sem bannar urðun sláturúrgangs.
Stjórnarformanni falið að senda breytta gjaldskrá til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

7. Staða og horfur í rekstri urðunarstaðarins.
Formaður greindi frá fyrirspurn Kubbs á Ísafirði um möguleika á að urða sorp frá Vestmannaeyjum. Erindi þeirra um urðun hafi verið jákvætt tekið en því hafi ekki verið fylgt eftir og eftir því sem best sé vitað hafi sorp frá Vestmannaeyjum verið brennt í sorpbrennslu Suðurnesja.
Það sem af er ári hafa verið urðuð 11.411 tonn, þar af 1.435 tonn af sláturúrgangi. Fannar nefndi nauðsyn þess að koma upp aðstöðu/húsnæði fyrir viðgerðir, geymslu ofl. Fór hann almennt yfir rekstur svæðisins, notkun kurla, yfirálags og olíu. Fram kom að þau tæki, sem notuð eru, fyrir utan troðara eru í hans eigu eða umsjá, traktorsgrafa, hjólaskófla og jarðýta. Rætt um að skýrara þurfi að vera hvaða stefnu stjórn Norðurár b.s. hafi í vélaveign og nauðsynlegt sé að ljúka samningum um vélnotkun Fannars í samræmi við það, sem ákveðið var við ráðningu hans. Í ljósi þeirrar reynslu, sem nú er komin á við framkvæmd móttöku og frágangs á úrgangi, sé orðið mun auðveldara að skilgreina vélþörfina. Jóni Sigurðssyni falið að hafa forgöngu um mótun þessara mála.

8. Úttektarskýrslur UST.
Úttektarskýrslur Umhverfisstofnunar lagðar fram til kynningar. Ekki voru gerðar athugasemdir við seinni úttekt UST í haust. Árlegt eftirlit stofnunarinnar kostar félagið um milljón kr.

9. Áætlun um eldvarnir.
Formaður kynnti áætlun, sem unnin var af Eldstöðum ehf. um búnað og viðbrögð ef upp kemur eldur í urðunarstaðnum. Rætt um aðkomu slökkviliða að þessu. Samþykkt að kaupa súrefnistæki og koma á samvinnu á milli slökkviliðanna á Blönduósi, Sauðárkróki og Skagaströnd.

10. Önnur mál
Ólöf fór yfir þá vinnu, sem fram hefur farið við svæðisáætlun Norðurlands.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.00
Fundargerð ritaði Gísli Árnason